



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
við athöfn á vegum
Festu og Íslenska ferðaklasans
10. janúar 2017**

Góðir áheyrendur:

Ég flyt þetta ávarp í skugga atburða gærdagsins. Í Kirkjufjöru, ægifagurri náttúru Íslands, lét þýsk ferðakona lífið. Fjölskylda og vinir hinnar látnu fá alla okkar samúð. Fyrir nokkrum dögum sluppu hjón frá Ástralíu með skrekkin í vélsleðaferð uppi við Langjökul sem hefði getað endað með ósköpum. Við breytum ekki því sem orðið er en verðum að gera allt sem í okkar valdi stendur til að koma í veg fyrir frekari slys og skaða.

Ég fagna því þess vegna að þið komið hér saman til að lýsa yfir stuðningi við ábyrga ferðapjónustu í landinu, að frumkvæði Festu – miðstöðvar um samfélagsábyrgð og Íslenska ferðaklasans. Mér er það heiður og ánægja að gerast verndari þessa verkefnis. Þau fyrirtæki sem taka þátt í því lofa að stuðla að ábyrgri ferðapjónustu með því að ganga vel um og vernda náttúru Íslands, tryggja öryggi gesta og koma fram við þá af háttvísi, virða réttindi starfsfólks og hafa jákvæð áhrif á nærsamfélag sitt.

Við Íslendingar viljum vera góðir heim að sækja. Nú segir Nóbelskaldið að vísu í Kristnihaldi undir jökli að í fornsögum okkar séu menn lítt gestrisnir „og hefur það orð leingi viljað við tolla, þó mart hafi betur skipast síðan kaffi varð fundið“. En samt er það svo að í sagna- og menningararfi okkar getum við fundið vísdómsorð um það hvernig heiðarlegt fólk eigi að bera sig að þegar gest ber að garði. Í Hávamálum segir svo:

Elds er þörf
þeim er inn er kominn
og á kné kalinn.
Matar og voða
er manni þörf,
þeim er hefir um fjall farið.

Í raun erum við að nefna svo sjálfsögð sannindi að um leið og fagna skal þessu framtaki sem hér er kynnt í dag vaknar sú spurning hvers vegna það þurfi yfirleitt að minna fólk á að koma sómasamlega fram við þá sem ferðast hingað, virða og vernda náttúru landsins – og standa sig í vinnunni.

Því miður er það ekki ófyrirsynju að grípa þarf til aðgerða. Síðustu misseri hefur gestum okkar snarfjölgað. Í ár stefnir í að ferðamennirnir verði vel á þriðju milljón, rúmlega sjöfalt fleiri en íbúar landsins. Við gátum ekki búið okkur undir slíka byltingu og viðvörunarbjöllur eru farnar að klingja. Minnst er á massatúrisma, að okkur varði mest um að fá hingað sem flesta til að eyða sem mestu, með sem minnstum tilkostnaði. Því miður eru þess dæmi að sumir þeirra sem þjóna gestum okkar hafi svert sína starfsgrein með ágirnd og skeytingarleysi. Í mínu embætti hef ég fengið þónokkur bréf og tölvuskeyti frá erlendum ferðalöngum, sannkölluðum Íslandsvinum sem lofuðu fegurð landsins en voru sárir eða gramir. Mannmergð á vinsælum stöðum, slæleg þjónusta, okur og vörusvik; þetta var því miður ríkur hluti minninga þeirra frá Íslandi.

Við lestur þessara skilaboða hefur mér verið hugsað til afbökunar á frægum ljóðlínum Jónasar Hallgrímssonar sem ég heyrði eitt sinn og taldi nýlega, en í raun má finna hana í blaðagrein frá því snemma á síðustu öld. Höfundurinn lýsti þá fundi, sem hann hafði átt, á þessa lund: „Jeg hittí nýlega mann í þungu skapi. Hann horfði ástaraugum yfir landið, sólbjart og sumarskrúðugt, og mælti önnur: „Landið er fagurt og frítt, en fólkíð er ... skítt.“ Ætli nokkur hæfa sje í því? Um það er erfítt að dæma, því að blindur er hver í sjálf síns sök.“

Glöggt er gests augað, það er annað máltæki. Og nú er rétt að taka fram að flestir ferðamenn segjast ánægðir með land og þjóð. Fólk myndi ekki halda áfram að streyma hingað ef allir væru vonsviknir. Við höfum hins vegar vítin til að varast og vilja margra til að gera enn betur. Aftur leyfi ég mér því að fagna þessu góða framtaki Festu og Ferðaklasans, að stuðla með markvissum aðgerðum að ábyrgri ferðþjónustu á Íslandi. Efnidir skulu fylgja orðum, í því felst hagur okkar allra í bráð og lengd.